

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hrunamannahreppi er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hundahalds samkvæmt samþykkt um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi nr. 296/2013.

2. gr.

Skráningargjald fyrir hvern hund skal vera kr. 3.000.

3. gr.

Eiganda hunds ber að greiða fyrir ábyrgðartryggingu skv. 2. gr. c-liðar samþykktar um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi nr. 296/2013.

4. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 7.000. Að auki leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds kr. 1.000 á sólarhring. Óskráðir hundar afhendast ekki fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

5. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Skráðum eiganda hunda ber að tilkynna starfsmönnum hreppsskrifstofu frá því ef afskrá þarf hund vegna dauða eða af öðrum ástæðum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 11. apríl 2013 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 31. maí 2013, er sett með vísun til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt um takmörkun á hundahaldi í Hrunamannahreppi nr. 296/2013. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Hrunamannahreppi, 4. júní 2013.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2013